

**Eyborg Guðmundsdóttir**

08.02.–28.04.2019

**Hringur,  
ferhyrningur  
og lína**  
Circle, Square  
and Line

# Hringur, ferhyrningur og lína

Eyborg Guðmundsdóttir (1924–1977) var sérstæður myndlistarmaður í íslenskum listheimi. Hún átti stuttan feril sem spannaði um sextán ár. Hún þróaði afar persónulegt myndmál sem einkenndist af einföldum formum og sjónarspili. Á þessari sýningu eru nokkrir tugir verka eftir Eyborgu, mest málverk, plexiglermyndir og klippimyndir en einnig lágmyndir og hönnun. Verk hennar spretta úr alþjóðlegum liststefnum eins og geómetrískri abstraktlist og op-list þar sem megináherslan er á sjónræn áhrif reglu-bundinna forma, samanber enska hugtakið optical eða hið sjónræna.

Eyborg Guðmundsdóttir var vestfirsk og ólst upp á Eyri við Ingólfsfjörð. Um miðjan fimmta áratuginn, þá um títugt, fluttist hún til móðurbróður síns og eiginkonu hans að Báruseli á Vesturgötu 53 í Reykjavík. Á þeim tíma bjó þar einnig listmálarinn Valtýr Pétursson (1919–1988) sem var fóstursonur húsráðanda. Valtýr var einn af forvígismönnum geómetrískar abstraktlistar hér á landi og var Vesturgatan vinsæll samkomustaður listamanna. Á þessum tíma áttu sér stað miklar hræringar í íslenskum listheimi sem einkenndust af því að abstraktlist og strang-flatarmálverk héldu innreið sína. Umræðan á Vesturgötunni hafði áhrif á Eyborgu sem var ötul við að sækja listsýningar. Hún vann á þessum tíma hjá Búnaðarfélagi Íslands og fékkst við eigin myndlist í fristundum.

Viss vatnaskil urðu á mótunarárum Eyborgar þegar hún kynntist þýsk-svissneska myndlistarmanninum Dieter Roth (1930–1988). Hann bjó þá hér á landi og vann að framúrstefnulegri myndlist og hönnun af formrænum toga. Dieter hvatti Eyborgu til að fara utan til að sinna eigin listsköpun. Hún hélt til Parísar undir lok sjötta áratugar og hóf myndlistarnám við Académie Julian. Eyborg var þá orðin 35 ára og þegar komin með mótaða sýn

á myndlist sína. Hin akademíska listmenntun átti því ekki við hana og hún hætti fljótlega en nam og vann sjálfstætt upp frá því. Hún sótti einkakennslu hjá þeim listamönnum sem henni líkaði, fylgdist vel með helstu hræringum í listalífi Parísarborgar og þeirri þróun sem átti sér stað á sviði óhlutbundins myndmáls.

Á meðal þess sem helst höfðaði til Eyborgar í París á þessum tíma var op-listin. Ungversk-franski málarinn, Victor Vasarely, var einn þeirra sem hún komst í kynni við og leitaði handleiðslu hjá. Hann hafði hleypt af stað hreyfingu um op-stíllbrögð árið 1955 með sýningunni *Le mouvement (Hreyfingin)* í Galerie Denise Renéé. Margir listamenn urðu fyrir áhrifum frá Vasarely og héldu í ólíkar áttir með leik að sjónvillu sem hlýst af samspili óhlutbundinna forma og lita. Vasarely hélt því fram að op-list ætti að tengjast hönnun og byggingarlist og hafa þannig afgerandi áhrif á mannlegt umhverfi. Áþekkar hugmyndir um samfélagslegt vægi abstraktlistar mátti finna meðal listamanna á fyrri hluta aldarinnar, ýmist hjá konstrúktívismum í Rússlandi á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar eða í tengslum við Bauhaus-skólann í Þýskalandi á þriðja áratugnum. Þessara hugmynda gætir nokkuð í afstöðu Eyborgar til samspils listar og hönnunar. Hún vann á áhugaverðan hátt við hönnun á bóka- og blaðakápum, auk hönnunar á sýningarskrám og plakötum fyrir þær sýningar sem hún tók þátt í. Á sviði byggingarlistar má sjá markvissa hönnun hennar í stigahandriði sem hún gerði fyrir kvennaheimilið á Hallveigarstöðum við Túngötu í Reykjavík.

Annar mikilvægur áhrifavaldur í list Eyborgar á Parísarárunum var Georges Folmer, þungavigtarmaður í geómetrískri abstraktlist í Frakklandi á þeim tíma. Hann leiðbeindi henni og hafði mikil áhrif á þróun listsköpunar hennar. Þau tengsl leiddu til þess að Eyborgu

var boðin þátttaka í alþjóðlegum hópi listamanna, *Groupe Mesure*, sem Georges stofnaði árið 1960. Hópurinn taldi um 30 listamenn sem unnu í fjölbreytta miðla og tóku virkan þátt í að þróa hugmyndir geómetrískrar abstraktlistar í Frakklandi eftirstríðsáranna, meðal annars með virkri samvinnu listamanna, hönnuða og arkitekta.

Eyborg tók þátt í sýningum *Groupe Mesure* víða um Evrópu á árunum 1961–1965. Í framhaldi af því bauðst henni einnig að sýna í París árin 1963–1967 á vegum *Salon des Réalités Nouvelles* og á *Salon International de Juvisy* árin 1964–1966. Þar hlaut hún sérstaka viðurkenningu, *Diplome d'Honneur*, árið 1964. Sama ár bauðst henni að taka þátt í kirkju-listahátíðinni *Salon d'Art Sacré* og einnig tveimur árum síðar, 1966. Á fyrri sýningunni sýndi hún verk sem var upphaflega hugmynd að kirkjugólfi en varð síðar grunnur að hönnun hennar á forsiðu tímaritsins *19. júní* árið 1965.

Eftir rúmlega fimm ára dvöl í París og þátttöku í tíu samsýningum víða um Evrópu sneri Eyborg aftur til Íslands árið 1965. Hér tók hún á næstu árum þátt í þó nokkrum samsýningum auk þess að halda þrjár einkasýningar. Sú fyrsta var í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1965, önnur á Mokka árið 1966 og sú síðasta árið 1975 í Norræna húsinu.

Á sýningunni í Bogasalnum árið 1965 sýndi hún afrakstur vinnu sinnar í Frakklandi, sem hún hafði áður meðal annars sýnt víða með *Groupe Mesure*. Hér gaf að líta málverk, klippimyndir og teikningar sem byggðu á hreinum, sterkum geómetrískum fornum og fáum litum. Til þess var tekið í umfjöllun um sýninguna hve vönduð sýningarskráin væri, en í hana rituðu bæði Georges Folmer og ljóðskáldið Henri Chopin. Chopin hafði þetta að segja um verkin: „Þessi alvarlega stemning sem einkennir myndir Eyborgar

gefur af sér tregafulla og heillandi ljóðrænu, einkennandi fyrir eyjarskeggja sem lifa langt frá heimsins glæm en vita um allt sem hverfur úr borgum okkar: lífshamingjan sjálf.“ Hér kann Chopin að hafa lagt skáldlega út frá nafni Eyborgar sem samsett er úr orðunum eyja og borg.

Eyborg sagði í tengslum við sýninguna í Bogasalnum að einfaldleikinn í listum ætti best við hugarfar hennar. Hún einsetti sér „að koma á reglu í eigin hugarheimi“ og því væri stíll hennar þessi. „Ég hef lengi aðhyllt geómetríska abstraksjón, þar eru óendanlegir möguleikar og engin hætta á stöðnun.“ Sýningin endurspegladi sérstöðu Eyborgar í samhengi íslenskrar listar á þessum tíma. Strangflatarlist hafði þá nánast vikið af sjónarsviðinu fyrir ljóðrænni abstraktlist sem átti meira fylgi að fagna. Móttökur voru samt sem áður jákvæðar og birtust uppbyggilegir dómur á blöðum.

Það kvað við nýjan tón í list Eyborgar á sýningu hennar á Mokka árið 1966. Hún nýtti op-áhrif á nýstárlegan hátt við gerð þrívíðra myndverka, eins konar lágmynda, þar sem líkamleg staða áhorfandans breytti ásýnd þeirra og virkni. Þessi samsettu málverk samanstóðu af lagskiptum, ámaluðum glerplötum. Eyborg getur þess í viðtali árið 1966 að sýning argentínska listamannsins Julio Le Parc í París sama ár hafi hrifið hana en hann var áhrifamikill í hópi op-listamanna í París. Hann nýtti sér rými, ljós og hreyfingu einfaldrar forma til að ná fram sjónvilluáhrifum hjá áhorfendum, oft með virkri þátttöku þeirra í framsetningu verka. Eyborg hafði nokkru áður haft tengsl við framúrstefnulisthóp sem Le Parc var hluti af, *Groupe de Recherche d'Art Visuel*, eða *GRAV*-hópurinn. Hún vildi þó ekki taka þátt í starfi hópsins vegna þess að listamennirnir unnu verk sín í samvinnu og í nafni heildarinnar, nokkuð sem Eyborg gat

ekki sætt sig við. Hún fylgdist hins vegar vel með og áhrifa Le Parc gætti á sýningunni á Mokka.

Undir lok sjöunda áratugarins og í upphafi þess áttunda vann Eyborg jöfnum höndum að gerð listaverka og hönnunar. Á meðal verkefna hennar á þessum tíma var að kynna myndlist um landið. Verkefnið hófst í samvinnu við Samband austur-húnavetskra kvenna árið 1973 sem leiddi til farandsýningar sem fór víða um land undir yfirskriftinni *Listkynning*. Eyborg átti allan heiður af skipulagi þessarar sýningar og hannaði fyrir hana sýningarskrá og plakat. Þá má geta þess að við opnun sýningarinnar í félagsheimilinu á Blönduósi kallaði hún til blásarakvintett Sinfóníuhljómsveitar Íslands og kórar sveitarinnar komu fram.

Síðasta einkasýning Eyborgar var haldin í Norræna húsinu árið 1975. Þetta var stærsta sýning hennar og voru þar sýnd fimmtíu og fimm verk, málverk, verk á plexiglerplötum ásamt lágmyndum. Eyborg vann stærstan hluta verkanna sérstaklega fyrir þessa sýningu. Flest voru þau op-listaverk þar sem Eyborg lék sér með tví- og þrí-víddarskynjun áhorfandans á myndfletinum á mun markvissari hátt en áður. Sýningin hlaut almennt góðar viðtökur og gagnrýnandinn Bragi Ásgeirsson sagði í dómi sínum: „Eyborg hefur staðfest það með þessari sýningu, að hún er vandvirkur málari, sem gædd er miklu hugrekki og einurð og vinnur því umtalsverðan sigur með þessari sýningu.“ Því má segja að hér hafi Eyborg staðfest sess sinn á íslenskum listvettvangi, sess sem henni entist því miður ekki aldur til að vinna með frekar, en hún lést tveimur árum síðar aðeins rúmlega fimmtug að aldri.

Þegar litið er yfir feril Eyborgar sést að verk hennar eru fjölbreytt. Þótt hún hafi unnið á forsendum geómetríu í upphafi og lengst

af sótt í op-list var hún aldrei rígbundin tiltekinni hugmyndafræði eða forsendum. Öllu heldur var það aðall hennar að hún leitaði víða fanga og vann verk í margvíslega miðla á sinn einstaka og persónulega hátt. Þessi persónulega nálgun hennar við viðfangsefnið tryggir vægi hennar í íslenskrum listasögu. Eyborg kom fram á sjónarsviðið hér heima undir lok tímabils geómetríunnar, tengd mikilvægum hræringum erlendis. Eyborg stóð ein og sér utan þess sem var ráðandi í íslenskrum list sjöunda áratugarins. Hún naut alþjóðlegra alþjóðlegra tenginga sinna sem veittu henni styrk til að móta persónulegan tjáningarmáta á sviði geómetríu og op listar.

# Circle, Square and Line

Eyborg Guðmundsdóttir (1924–1977) was a unique artist on the Icelandic art scene. She had a short career of only around sixteen years, where she developed a very personal imagery which was characterised by a play with simple forms. This exhibition has a few dozen works by Eyborg, mostly paintings, plexiglass images and collages, but also bas-reliefs and design. Her work is inspired by international art movements such as geometric abstraction and Op-Art, with focus on the visual effects of regular forms.

Eyborg Guðmundsdóttir was from the Westfjords and grew up in Eyri in Ingólfsfjörður. Around the middle of the 1940s, when she was around twenty years of age, she moved to Reykjavík to live with her uncle and his wife at Bárusel in no. 53 Vesturgata. This was also the home of artist Valtýr Pétursson (1919–1988), the uncle's foster son. Valtýr was one of the first geometric abstract artists in Iceland, and the house in Vesturgata was a popular hangout for artists. At that time, there was a great stir in the Icelandic art world, with the arrival of abstract art and geometric abstraction paintings. The discussion in Vesturgata affected Eyborg, who was a frequent visitor at art exhibitions. She worked for the Icelandic Agricultural Society and worked on her art in her spare time.

Meeting the Swiss artist Dieter Roth (1930–1988) was a certain turning point for Eyborg's art. He lived in Iceland and worked on his progressive art and form designs. Dieter encouraged Eyborg to leave Iceland to work on her art. At the end of the 1950s, she moved to Paris, to study at Académie Julian. She was already 35 years of age and had a clear vision of her art, so the academic education didn't suit her, she abandoned it fairly soon and worked and studied independently ever since. She took private les-

sons with artists whom she liked, followed the Parisian art scene closely, as well as the development in the field of abstract art.

During this time in Paris, Eyborg became interested in Op-Art, among other things. The Hungarian-French painter Victor Vasarely was one of the people she met and sought guidance from. He had started an Op-Art movement in 1955, with his exhibition *Le mouvement* in Galerie Denise Reneé. Many artists were influenced by Vasarely and experimented with various play on optical illusions and instinctive perception, which is created by the interaction of abstract forms and colours. In Vasarely's opinion, Op-Art should be connected to design and architecture and thus be a decisive factor in creating our environment. Similar ideas of the social value of abstract art can be found among artists from the first half of the 20<sup>th</sup> century, be it with Constructivists in Russia during WWI or in relation to the Bauhaus school in Germany in the 1920s. These ideas can also be seen in Eyborg's stance on the interaction of art and design. She did interesting work in designing book- and magazine covers, as well as designing herself the catalogues and posters for the exhibitions she participated in. Her systematic design in the field of architecture can be seen in a banister she designed for the Women's House at Hallveigarstaðir, Túngata in Reykjavík.

Another influential person in Eyborg's art during her Paris years was Georges Folmer, a heavyweight in geometric abstraction art in France. He guided her and greatly influenced her art development. This connection led to Eyborg being invited to join an international group of artists, *Groupe Mesure*, which Folmer founded in 1960. This group consisted of around thirty artists who worked with diverse media and were actively engaged in developing the ideology

of geometric abstraction in France after the war, for example with the active collaboration of artists, designers and architects.

Eyborg participated in *Groupe Mesure* exhibitions around Europe between 1961 and 1965. She was then also invited to show her work in Paris in 1963–65, with *Salon des Réalités Nouvelles*; and at the *Salon International de Juvisy* in 1964–66. There, she received a special recognition, *Diplome d'Honneur*, in 1964. That same year, she was invited to participate in the church art festival *Salon d'Art Sacré*, and again two years later, in 1966. In the first festival, Eyborg exhibited a work which originally was an idea for a church floor, but later became the basis for her design of the cover of the magazine *19.júní* in 1965.

After living for over five years in Paris and participating in ten group exhibitions around Europe, Eyborg returned to Iceland in 1965, where she in the following years participated in many group exhibitions and held three solo exhibitions, the first one in the Arc Hall of the National Museum of Iceland in 1965, the second in Mokka Café 1966, and the third one in the Nordic House in 1975.

The exhibition in the Arc Hall in 1965 included her work from France, which she had previously exhibited with *Groupe Mesure*; paintings, collages and drawings based on clear, strong geometric forms with few colours. The quality of the exhibition catalogue was mentioned in reviews, both Georges Folmer and the poet Henri Chopin contributed texts to it. Chopin had this to say about Eyborg's work: "The serious atmosphere which is so characteristic for Eyborg's art emits a mournful and enchanting lyricism, typical for islanders who live far from the luxury of life but are aware of everything which is disappearing from our cities: Happiness

itself." This may be Chopin's poetic play on the artist's name (Eyborg = eyja (island) and borg (city)).

Eyborg herself said in relation to the Arc Hall exhibition that she favoured simplicity in art. She resolved to "restore her mind to order" and this was the result. "I have long adhered to geometric abstraction, with its endless possibilities and no danger of stagnation." The exhibition reflected Eyborg's unique status in the Icelandic art world, at a time when geometry had all but disappeared in favour of lyrical abstraction which was more popular. Nevertheless, the exhibition was well received and the reviews were positive.

In the exhibition in Mokka Café in 1966, Eyborg hit on a new note. She used Op-influence in a novel fashion, creating three-dimensional work, a kind of bas-reliefs, where the physical position of the viewer changed the works' appearance and activity. These composite paintings were comprised of layered, painted glass plates. In a 1966 interview, Eyborg mentions that she was taken with the exhibition of Argentinian artist Julio Le Parc in Paris that year, but he was an influential Op-artist who used space, light and movement of simple forms to create optical illusions, often with the active participation of the viewer. Previously, Eyborg had been in contact with an avant-garde art group which Le Parc was a member of, *Groupe de Recherche d'Art Visuel*, or *GRAV*. However, she didn't want to join the group, as the artists involved worked together and their work was a product of the group, and Eyborg didn't like that. She did though keep a close eye on the group and Le Parc's influence can be discerned in the Mokka exhibition.

Towards the end of the 1960s and the start of the 70s, Eyborg worked on art and design equally. Among her projects was the intro-

duction of art around the country. It started in collaboration with the Association of Women in Austur-Húnavatn District in 1973, and led to the creation of a portable exhibition which was taken around the country and called Art Introduction. The exhibition was organised by Eyborg, who also designed the catalogue and poster. At the opening of the exhibition in Blönduós, she also got the brass quintet of the Icelandic Symphony Orchestra to play, and the local choirs to perform.

Eyborg's last solo exhibition was in the Nordic House in 1975. This was her largest exhibition, with fifty-five artworks; paintings, plexiglass images and bas-reliefs, most of which she created especially for this occasion. Most of them were Op-Art works where Eyborg played around with the viewer's two- and three-dimensional perception in a much more focused fashion than before. The exhibition was positively received, critic Bragi Ásgeirsson said: "With this exhibition, Eyborg confirms that she is a meticulous painter with great courage and determination and thus, this is a victorious occasion for her." Here, Eyborg managed to confirm her status in the Icelandic art world, a status she unfortunately didn't get a chance to develop further, as she died only two years later at just over fifty-two years old.

When Eyborg's career is reviewed, the diversity of her work becomes obvious at once. Although she started out working on the premise of geometry and was preoccupied with Op-Art for most of her career, she never tied herself to a certain ideology or premise. On the contrary, she sought inspiration widely and worked with various media in her unique and personal way. This personal approach to the subject ensures her importance in Icelandic art history. Eyborg appeared on the art scene in Iceland towards the end of the geometry era, with a connection to impor-

tant movements abroad. She stood outside the prevailing currents in Icelandic art in the 1960s, but used her international connections to give her strength to shape her own personal way of expression in geometric abstraction and Op-Art.



**Eyborg Guðmundsdóttir**  
**Hringur, ferhyrningur og lína**  
Circle, Square and Line  
**08.02.2019–28.04.2019**

**Sýningarstjórar**  
Curators  
**Heba Helgadóttir**  
**Ingibjörg Sigurjónsdóttir**

**Dagskrá**  
Programme

**Sýningaropnun á Safnanótt, 8. febrúar**  
Exhibition opening on Museum Night, 8 February

**Sunnudag 3. mars kl. 15.00**  
**Leiðsögn sýningarstjóra**  
Sunday 3 March at 15h00  
Curators Talk

**Laugardag 16. mars kl. 13.00**  
**Leikum að list: Op-listasmiðja**  
Saturday 16 March at 13h00  
Let's Play Art: Op-Art Workshop

**Laugardag 23. mars: Málþing**  
Saturday 23 March: Symposium

**Nánari upplýsingar um leiðsagnir**  
**og dagskrá á heimasíðu safnsins**  
Further information on guided tours and  
programme on museum website

**Stórir og smáir hópar geta bókað sérleiðsögn**  
Small or large groups can book guided tours

**Kjarvalsstaðir**  
Flókagata 24  
105 Reykjavík  
+354 411 6420

**Opið daglega**  
Frá 10.00 til 17.00  
**Open daily**  
10h00–17h00

**listasafnreykjavikur.is**  
**artmuseum.is**  
#listasafnreykjavikur  
#reykjavikartmuseum

